



388. Stjórnarfundur haldinn 8. feb. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingbergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Engin.

3. Send bréf.

Engin.

4. Aðalfundir.

Aðalfundur skot- og knattspyrnudeildar eru afstaðnir. Formaður skotdeildar var sjálfkjörinn en hann var einn í kjöri. Nokkrar breytingar urðu á stjórn skotdeildar. Formaður knattspyrnudeildar var sjálfkjörinn en hann var einn í kjöri. Stjórn knattspyrnudeildar var að mestu leiti endurkjörin. Kosið var í barna og unglingaráð, einnig í meistaraflokksráð kvenna.

Stefnt er að því að aðalfundur taekwondódeildar fari fram 20. febrúar.

Körfuknattleiksdeildin er enn að gera bókhaldið klárt og því óvíst um dagsetningu aðalfundar deildarinnar.

Aðalfundur Keflavíkur hefur verið auglýstur á heimsíðu félagsins 27. febrúar 2012. Farið yfir framkvæmd aðalfundar. EH fór yfir þær lagabreytingar sem lagðar verða fyrir á aðalfundi en þetta eru breytingar sem ÍSÍ og UMFÍ hafa gert athugasemdir við lög félagsins. **Ákveðið að biðja Ellert Eiríksson að vera fundarstjóri.** Veitt verða starfsmerki Keflavíkur, eitt gullmerki, tvö silfurmerki og fimm bronsmerki. **Ákveðið er að sæma Helga Hólm gullheiðursmerki. Ákveðið er að sæma Jón Ben Einarsson og Smára Helgason silfurheiðursmerki. Ákveðið er að Sigmar Björnsson hljóti starfsbikar Keflavíkur. Ákveðið er að leggja til við UMFÍ að sæma þær Sigrúnu Sigvaldadóttur og Ólafíu Ólafsdóttur starfsmerki UMFÍ. Ákveðið að biðja foreldrafélag sunddeildar Keflavíkur að sjá um kaffiveitingar.**

5. Önnur mál.

ÞMK sagði frá því að það hafi komið maður að máli við sig sem hafi áhuga á að stofna lyftingardeild innan Keflavíkur. Nokkrar umræður urðu um málið.

Umræður um lyftingaraðstöðuna í íþróttahúsinu við Sunnubraut.

Umræður um hvernig sé haldið á málum í deildum félagsins hvað varðar meðferð fjármála, bókhalds og ritun funda hjá deildum. **Ákveðið að ný stjórn félagsins taki þetta upp á fundum sem hún kemur til með að halda með deildum.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG

